



## Fundur í stjórn Jarðasjóðs

**4. fundur stjórnar jarðasjóðs haldin á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 Þórshöfn, miðvikudaginn 22. febrúar 2023. Fundur var settur kl. 16:00.**

**Mættir voru:** Jónas Bóasson, Ragnar Skúlason, Júlíus Sigurbjartsson, Þórir Jónsson og Mirjam Blekkenhorst. Björn S. Lárusson sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Spurt var hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### Fundargerð

**1. Uppgjörstaða um áramót við núverandi leigjendur samkvæmt greinargerð Maríu og J.P.B. og forsendur fyrir leigu**

Hallgilsstaðir 1 – samantekt Maríu Svanþrúðar Jónsdóttur og Jónasar Péturs Bóassonar. María Svanþrúður Jónsdóttir og Jónas Pétur Bóasson hafa gert greinargerð með mati og uppgjöri á leigusamningi um Hallgilsstaði 1.

Bókun um afgreiðslu: Samkvæmt uppgjörinu er skuld Jarðasjóðs við ábúendur kr. 4.727.161.- við áramót. Vantar kostnað við lokafrágang á hesthúsi. Eftir er að gera lokaúttekt við ábúendaskipti.

Smþykkt samhljóða

**2. Auglýsingar um jörðina í Bændablaðinu og á heimasíðu Langanesbyggðar**

02.01 Auglýsing í Bændablaðið

02.02 Auglýsing á heimasíðu Langanesbyggðar með athugasemdum.

02.03 Leigusamningur ríkiseigna

Auglýsingar lagðar fram til kynningar og athugasemda. Einnig leigusamningsform ríkisjarða.

Bókun um afgreiðslu: Stjórnin samykkir auglýsingar með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og auglýsing uppfærð. Við samningsgerð verði tekið tillit til þeirra atriða sem koma fram í auglýsinu og samkvæmt umræðum á fundinu.

Samþykkt samhljóða

**3. Lóðir í landi Hallgilsstaða**

---



- 03.01 Lóðaleiga Brúnás
- 03.02 Kaupsamningur og afsal
- 03.03 Hallgilsstaðir Byggingabréf 17. júní 2020
- 03.04 Leigusamningur Flögu 19.04.2022 og slit á ábúð

03.01) Lagður fram leigusamningur vegna samkomulags sem gert var á milli eigenda Hallgilsstaða 1 og 2 um og Kristins Lárussonar og Önnu Ívarsdóttur um byggingalóð undir húsnaði. Lóðin er úr landi Hallgilsstaða 1 og 2 og er 10120m<sup>2</sup> að stærð. Leigutími er til 99 ára. Lóðaleiga miðast við vísitölu byggingakostnaðar.

03.02) Lagt fram afsal um jörðina Hallgilsstaði 1 dags. 1. apríl 1990 á milli Lárusar Jóhannssonar og Jónasar Lárussonar um kaup á jörðinni.

03.03) Lagt fram Byggingabréf - samkomulag um leigu á Hallgilsstöðum dags. 17.06.2020

03.04) Lagður fram leigusamningur um leigu jarðanna Flaga 1 og 2 dags 19.04.2022 ásamt viðauka um slit á ábúð dags 19.04.2022

Bókun um afgreiðslu: Óskað er eftir því að skipulagsfulltrúi hnitasetji og útbúi lóðarblöð fyrir lóðirnar í landi Hallgilsstaða 1. L17836, L219302 lóð sem er íbúðarhúsalóð 0,0 m<sup>2</sup> en á henni stendur F2168017 01 0101, einbýlishús frá 1974. Mörkum lóðarinnar er lýst í samningi. Óskað er eftir því að skipulagsfulltrúi hnitasetji og útbúi lóðarblöð fyrir fasteignir í Flögulandi. (3 lóðir; Flaga 1 íbúðarhús, Ósland og veiðihús – ef slík blöð eru ekki til)

Samykkt samhljóða

#### 4. Tekjur Jarðasjóðs

Lagt fram óyfirfarið yfirlit yfir tekjur Jarðasjóðs

#### 5. Viðauki við samþykktir Langanesbyggðar 07.11.2022 um Jarðasjóð – Hugsanlegar breytingar

05.01 Athugasemdir við samþykktir

Bókun um afgreiðslu: Málinu frestað til næsta fundar. Stjórnin fer yfir þær breytingar sem lagðar voru fyrir fundinn og koma með sínar tillögur að breytingum ásamt drög að starfsreglum fyrir sjóðstjórn.

#### 6. Önnur mál.

Formaður gerði grein fyrir viðræðum við Eflu og Summu vegna hugmynda um vindorkugarða.

Næsti fundur ákvöðin miðvikudaginn 15 mars kl. 16.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

# LANGANESBYGGÐ



Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00

